

AÐFERÐIR til að efla EFLA SJÓNRAENAN ORÐAFORÐA

Sjálfvirkur, áreynslulaus lestur orðmynda, sem mynda sjónrænan orðaforða lesara, er forsenda lesfimi og þess að skapa svigrúm fyrir lesskilning við lestur. Hugtakið „orðmynd“ er gjarnan notað í þessu samhengi í stað „orðs“ en það vísar til þess að orð er skynjað sem sjónræn og hljóðræn heild þar sem lesarinn hefur einnig tileinkað sér réttan framburð og merkingu orðsins.

Hægt er að fara margar leiðir við eflingu sjónræns orðaforða og mikilvægt er að þjálfunin sé með fjölbreyttum hætti. Þjálfunin byggir á endurtekningu og hætt er við að hún verði að stagli ef umgjörðin er ekki fjölbreytt. Val kennara á þjálfunarfyrikomulagi ræðst fyrst og fremst af aldri og stöðu nemandans (eða nemenda) í lestri og aðstæðum þar sem þjálfunin fer fram.

Til að tryggja sem mestan sveigjanleika í verkefnunum var ákveðið að festa ekki ákveðna orðalista við verkefnatillögur heldur leggja það í hendur kennara að velja lista og útfæra í takti við viðfangsefni hverju sinni. Þjálfun við lestur orðmynda þarf ekki að einskorðast við 1000 orða lista Menntamálastofnunar, eða aðra útgefna lista, heldur geta kennarar verið með ólíkar áherslur sem eru þá í takti við þarfir einstakra nemenda eða önnur viðfangsefni í námi.

Á meðan á stafainnlögn stendur læra nemendur nokkrar orðmyndir en formleg þjálfun á lestri orðmynda ætti ekki að hefjast fyrr en þeir hafa náð góðum tókum á tengingu bókstafstákns og hljóðs. Örugg stafabekking er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sér bæði lestur og rithátt orðmynda.

Mat á stöðu

Íhlutun fer fram á grundvelli niðurstöðu mats á sjónrænum orðaforða. Við fyrirlögn er mikilvægt að kennarinn fylgist vel með villum nemandans en þær geta afhjúpað veikleikana í lestrarferlinu. Veikleikarnir geta varðað óöryggi við tengingu bókstafstákns og hljóðs, erfiðleika við lestur samhljóðasambanda eða annarra ritháttarmynstra en það tekur nemendur mislangan tíma að átta sig á því að ekki er alltaf samræmi á milli ritháttar og framburðar.

Þegar ákveða á hvort nemandi hafi náð tókum á lestri orðalista þarf kennari að hlusta eftir sjálfvirkni endurheimtar og nákvæmni við lestur. Lestur orðs telst vera orðinn sjálfvirkur ef nemandinn þekkir orðmynd á 0,1 sekúndu.

Í flestum tilvikum eru verkefnin nægilega einföld til að heimilin geti sinnt þjálfuninni sem hluta af heimallestrarþjálfun og ættu kennarar að nýta sér það. Það kemur nemendum vel og eykur fjölbreytni í þjálfuninni.

Orðalistar

Þetta er einfaldasta þjálfunaraðferðin til að efla sjónrænan orðaforða. Hún felst í því að nemandi er þjálfaður í að lesa orðalista á tíma en æfir sig tvisvar, þrisvar á sama lista á milli tímatöku eða þar til sjálfvirkni og nákvæmni er náð. Þar sem nemendur geta lagt orðaröð listans á minnið getur verið gott að byrja stundum efst, stundum neðst eða jafnvel í miðjum lista. Það eykur aðeins álagið á vinnslu-minnið og brýtur þjálfunina upp. Við tímatöku þarf að lesa orðin í réttri röð svo auðvelt sé að haka við rangt lesin orð á skráningarblaðinu.

Gögn

- Orðalisti sem á að þjálfra, t.d. af 1000 lista Menntamálastofnunar. Þjálfra má 10 eða 20 orðmyndir hverju sinni eða allt eftir aldri og getu nemanda.
- Skráningarblað (sjá dæmi 1).
- Línurit (sjá dæmi 2).

Framkvæmd og mat

1. Grunnmæling með tímatöku. Tími og villur skráðar á skráningarblað (T1/V1) og í línurit.
2. Nemandinn skoðar betur orðin sem reyndust snúin, kennarinn leiðbeinir og nemandinn þjálfar lestur þeirra og alls listans þar til hann er tilbúinn í 2. tímatökuna.
3. Ferlið endurtekið þar til 4. tímatöku er lokið. Frammistaða rædd og nemandinn fær endurgjöf og hrós fyrir það sem er vel gert.

Athugasemd

- Þegar nemandinn gerir villu er hann leiðréttur eftir lestur alls listans.
- Fyrri listar eru rifjaðir upp áður en nýr listi er lagður fyrir.

Flettisþjöld

Þessi aðferð er í grunninn sú sama og þjónar sama tilgangi þegar lestur orðmynda er þjálfaður með lestri á orðalista. Hægt er að nota hana eina og sér til að þjálfra ákveðin orð en einnig samhliða þjálfun með lestri orðalista. Kostir flettisþjaldanna umfram orðalistana eru þeir að hægt er að stokka flettisþjöldin eftir hvern lestur. Þannig veit nemandinn ekki hvaða orð kemur næst og getur því ekki lagt orðaröðina á minnið.

Gögn

- Flettisþjöld sem búið er að plasta en til hægðarauka er búið að útbúa spjöld með 400 algengustu orðunum til útprentunar.
- Skráningarblað og línurit.

Framkvæmd og mat

1. Grunnmæling með tímatöku. Tími og villur skráðar á skráningarblað (T1/V1) og í línurit.
2. Nemandinn skoðar betur orðin sem reyndust snúin, kennarinn leiðbeinir og nemandinn þjálfar lestur þeirra og alls listans þar til hann er tilbúinn í 2. tímatökuna.
3. Ferlið endurtekið þar til 4. tímatöku er lokið. Frammistaða rædd og nemandinn fær endurgjöf og hrós fyrir það sem er vel gert.

Sjónrænn orðaforði þjálfaður með forriti (t.d. Power Point eða í Ipad)

Hér er sama grunnhugmynd á ferðinni og við þjálfun með orðalista og flettisþjöldum. Kennari velur orð til þjálfunar og setur upp á glærur, eitt orð á hverja glæru. Kennari getur síðan flett glærunum með músinni til að tryggja nægan lestrartíma en einnig stillt sýningartíma glæranna þannig að þær rúlli sjálfvirkir hver á fætur annarri. Hér er tilvalið að byrja hægt og rólega en auka svo hraðann eftir því sem nemendur ná betri tókum á orðalistanum. Auðvelt er að breyta röð glæranna svo koma megi í veg fyrir að nemendur leggi orðmyndaröðina á minnið. Þetta getur verið skemmtilegt uppbrot í lestrarkennslu en helstu kostir aðferðarinnar eru þeir að hægt er að þjálfra misstóra hópa í einu þar sem slakari lesendur fá stuðning frá þeim sem eru öruggari. Varast þarf samt að hafa breidd hópanna of mikla því þá er hættu á að nemendur í slakari kantinum fái ekki næg tækifæri til þjálfunar.

Gögn

- Tölva og skjávarpi eða I-pad fyrir pör í stöðvavinnu.
- Orðalisti sem kennari skráir í forritið.

Mínútulestur

Þegar búið er að vinna með fimm orðalista eða 100 orð og nákvæmni við lestur náð er hægt að spreyta sig á því að lesa 100 orð á innan við mínútu. Hægt er að skrá tímatökurnar í línurit ef vill.

Að þjálfra ritun orða til að efla sjónrænan orðaforða

Það er mikilvægt að þjálfra ritun orðmynda samhliða þjálfun á lestri þeirra. Að glíma við ritun orðmynda hjálpar nemandanum að tileinka sér bæði sjónræna og hljóðræna eiginleika þeirra og eykur líkur á að þær festist í langtímaminni. Sjálfvirkni við lestur og ritun orðmynda verður ekki til nema nemandinn sé öruggur á hvoru tveggja en undirliggjandi veikleikar geta haft áhrif á það hvernig nemendum gengur að tileinka sér sjónræn og hljóðræn einkenni orða. Ekki verður unnið á slíkum veikleikum með hefðbundnum áherslum í bekkjarkennslu en þær þjálfunarleiðir sem hér eru nefndar geta verið góð viðbót við lestrarþjálfun á fyrstu stigum lestrarnáms eða til að auka fjölbreytni við þjálfun fyrir nemendur sem þurfta tímabundna, markvissa viðbótarþjálfun.

Endurtekin ritun á orðmyndum

Ef nemandi er orðinn nokkuð öruggur og gerir smávægilegar villur við ritun orða gæti þessi leið hentað en hún er fólgin í því að rita orð á blað, í tölvu og með lausum stöfum nokkrum sinnum.

Hljóðgreining orða

- Búið til strikalínur þar sem eitt strik táknað hvert hljóð (dæmi: orðið „sem“ fær þá þrjú strik ___ ___ ___). Þetta hjálpar nemendum að greina í sundur einstök hljóð orðs og styrkir hljóðavitundina.
- Endurritið orðið nokkrum sinnum á blað, í tölvu eða með lausum stöfum.
- Notið orðið í einfaldri málsgrein sem nemandinn skrifar upp.
- Rifjið orðin reglulega upp með upplestri þar sem orðin koma fyrir ein og sér eða í einfaldri setningu.

Sóknarskrift

Sóknarskriftaraðferðin er ekki gagnreynd en getur verið skemmtilegt uppbrot í vinnu af þessu tagi ef nemendur þurfa á hreyfingu eða tilbreytingu að halda. Orðalisti eða flettisþjöld eru lögð á borð í hæfilegri fjarlægð frá nemandanum. Nemandinn kemur sér fyrir á öðru borði og hefur hjá sér nauðsynleg gögn. Hann þarf nú að fara og sækja sér orðmynd, leggja hana á minnið og skrifa rétt. Ef hann gleymir rithætti orðmyndarinnar má hann fara, eins oft og hann þarf, að kíkjá á hana. Þessi aðferð krefst meiri virkni af nemandanum þar sem hún virkjar fleiri hugræna ferla svo sem sjón- og skammtímaminni.

Orðaveggur

Þegar verið er að þjálfast lestur orðmynda á fyrstu stigum lestrarnáms græða allir nemendur á því að algeng orð séu höfð til sýnileg til að minna á rithátt þeirra. Gott er að lesa orðin reglulega með kennara eða öðrum nemendum og vekja athygli á tengslum bókstafa og hljóða. Vinna má orðin út frá sameiginlegum orðhlutum, ritháttarmynstrum eða merkingu og styðjast við orðin í ritun. Hægt er að byggja orðavegginn upp smátt og smátt því notkunarmöguleikarnir eru margir en veggurinn gerir aðeins gagn ef hann er nýttur markvisst.


Dæmi 1: Skráningarblað kennara vegna tímatöku

Nafn nemanda: _____

Orð 1-20	T1/V1	T2/V1	T3/V3	T4/V4
og				
að				
í				
á				
er				
sem				
til				
við				
um				
það				
en				
með				
var				
eru				
hann				
af				
ekki				
því				
fyrir				
eða				
Tímaskráning í sekúndum				

Endurgjöf til nemanda (t.d. hvað gekk vel, hvað þarf að þjálfa betur, hvatning og hrós)

Dæmi 2: Línurit



Þetta er einungis eitt dæmi um framsetningu á framvindu hjá nemanda en myndir sem sýna frammi-
stöðuferil geta haft mjög hvetjandi áhrif. Langflestir skólar hafa á að skipa færur fólki sem getur leikið
sér með framsetningu á gögnum af þessu tagi.

1-100

og

1-100

að

1-100

í

1-100

á

1-100

er

1-100

sem

1-100

til

1-100

við

1-100

um

1-100

það

1-100

en

1-100

með

1-100

var

1-100

eru

1-100

hann

1-100

af

1-100

ekki

1-100

því

1-100

fyrir

1-100

eða

1-100

þegar

1-100

þá

1-100

ég

1-100

frá

1-100

þar

1-100

hún

1-100

eftir

1-100

úr

1-100

þú

1-100

sér

1-100

þeir

1-100

upp

1-100

þess

1-100

svo

1-100

hvað

1-100

hafa

1-100

voru

1-100

ef

1-100

hefur

1-100

eins

1-100

verið

1-100

út

1-100

þetta

1-100

þau

1-100

hvernig

1-100

þeim

1-100

sig

1-100

saman

1-100

nú

1-100

vera

1-100

yfir

1-100

getur

1-100

vegna

1-100

þeirra

1-100

fram

1-100

þær

1-100

allt

1-100

líka

1-100

þér

1-100

hafði

1-100

vel

1-100

hvaða

1-100

inn

1-100

árið

1-100

honum

1-100

hér

1-100

má

1-100

sé

1-100

hans

1-100

hver

1-100

verður

1-100

mjög

1-100

væri

1-100

geta

1-100

oft

1-100

fólk

1-100

hægt

1-100

mér

1-100

milli

1-100

þó

1-100

hjá

1-100

þið

1-100

síðan

1-100

sagði

1-100

varð

1-100

koma

1-100

kom

1-100

fara

1-100

okkur

1-100

hafi

1-100	einnig	1-100	efni
1-100	undir	1-100	gera
1-100	áður	1-100	menn
1-100	þannig	1-100	þarf
1-100	heldur	1-100	aftur

101-200	101-200
hana	mikið
101-200	101-200
þessi	einn
101-200	101-200
niður	nota
101-200	101-200
sá	hvort
101-200	101-200
henni	hverju

101-200	101-200
hvers	tíma
101-200	101-200
sama	segja
101-200	101-200
taka	dæmis
101-200	101-200
kemur	bara
101-200	101-200
verða	allir

101-200	101-200
öðrum	segir
101-200	101-200
fá	stað
101-200	101-200
sjá	okkar
101-200	101-200
orðið	hennar
101-200	101-200
fer	fór

101-200	101-200
leið	eitt
101-200	101-200
höfðu	eiga
101-200	101-200
gott	sínum
101-200	101-200
finna	þessum
101-200	101-200
maður	enn

101-200	meira	101-200	dæmi
101-200	ára	101-200	bæði
101-200	margir	101-200	sinni
101-200	stundum	101-200	annað
101-200	sína	101-200	alltaf

101-200	þessu	101-200	annars
101-200	mynd	101-200	finnst
101-200	mig	101-200	ekkert
101-200	hátt	101-200	vegar
101-200	hefði	101-200	sinn

101-200	101-200
eitthvað	þig
101-200	101-200
rétt	einu
101-200	101-200
öllum	hins
101-200	101-200
dag	hluti
101-200	101-200
konar	aðeins

101-200	101-200
ár	fleiri
101-200	101-200
áhrif	orð
101-200	101-200
ein	öll
101-200	101-200
jarðar	heim
101-200	101-200
ykkur	alla

101-200	101-200
komið	aldrei
101-200	101-200
sagt	mun
101-200	101-200
halda	án
101-200	101-200
átt	vatn
101-200	101-200
tók	búa

101-200	101-200
gert	fyrst
101-200	101-200
landi	hluta
101-200	101-200
urðu	fyrsta
101-200	101-200
meðal	vinna
101-200	101-200
þessa	sögu

201-300	201-300
áfram	fyrr
201-300	201-300
gegnum	of
201-300	201-300
alls	mörg
201-300	201-300
fyrstu	öld
201-300	201-300
sitt	hvert

201-300

átti

201-300

svona

201-300

miklu

201-300

land

201-300

verkefni

201-300

kallast

201-300

eigin

201-300

önnur

201-300

farið

201-300

ofan

201-300	201-300
enda	máli
201-300	201-300
hversu	mörgum
201-300	201-300
hvar	myndast
201-300	201-300
gegn	jafnvel
201-300	201-300
utan	margar

201-300

vatni

201-300

sú

201-300

komu

201-300

mismunandi

201-300

sín

201-300

síðar

201-300

ljós

201-300

mikil

201-300

allar

201-300

sömu

201-300

séu

201-300

meiri

201-300

lengi

201-300

manna

201-300

enginn

201-300

láta

201-300

árum

201-300

meðan

201-300

ríki

201-300

aðra

201-300

eina

201-300

vildi

201-300

tekið

201-300

nema

201-300

tekur

201-300

þótt

201-300

alveg

201-300

börn

201-300

landið

201-300

betur

201-300	201-300
fékk	aðrir
201-300	201-300
ná	víða
201-300	201-300
mikilvægt	gat
201-300	201-300
heima	nær
201-300	201-300
undan	gerist

201-300

getum

201-300

fóru

201-300

gæti

201-300

lesa

201-300

vita

201-300

gekk

201-300

sumir

201-300

ganga

201-300

lifa

201-300

líf

201-300

dýr

201-300

gefa

201-300

staðar

201-300

væru

201-300

mikill

201-300

þurfa

201-300

illa

201-300

lítið

201-300

áttu

201-300

kennari

201-300

mín

201-300

haft

201-300

móti

201-300

bók

201-300

einhver

201-300

konur

201-300

jörðinni

201-300

langt

201-300

notað

201-300

hinn

301-400	301-400
inni	lífi
201-300	301-400
búið	tvær
301-400	301-400
aðrar	kannski
301-400	301-400
sýnir	setja
301-400	301-400
yfirleitt	öðru

301-400	301-400
stór	leggja
201-300	301-400
þessari	gerð
301-400	301-400
samt	öllu
301-400	301-400
innan	fannst
301-400	301-400
hverjum	nokkur

301-400	301-400
gerir	þann
201-300	301-400
landsins	eigi
301-400	301-400
góð	þessar
301-400	301-400
hélt	haldið
301-400	301-400
tvö	vill

301-400	301-400
sýna	tækni
201-300	301-400
einkum	sínu
301-400	301-400
tala	ert
301-400	301-400
erfitt	ný
301-400	301-400
skrifa	notuð

301-400	301-400
orku	fólks
201-300	301-400
standa	myndir
301-400	301-400
þangað	ykkar
301-400	301-400
oftast	helstu
301-400	301-400
hljóð	kringum

301-400

komast

301-400

stendur

201-300

verði

301-400

allan

301-400

minni

301-400

úti

301-400

gerði

301-400

ætti

301-400

best

301-400

fær

301-400	fimm	301-400	stóð
201-300	minn	301-400	fyrri
301-400	þýðir	301-400	erum
301-400	sett	301-400	vinnu
301-400	mikla	301-400	gengur

301-400	301-400
heitir	landinu
201-300	301-400
minna	fólki
301-400	301-400
auk	líkt
301-400	301-400
einhvern	reyna
301-400	301-400
flestir	saga

301-400	301-400
spurði	aldar
201-300	301-400
læra	vilja
301-400	301-400
þátt	mál
301-400	301-400
yrði	ræða
301-400	301-400
bera	vatnið

301-400	301-400
hita	löndum
201-300	301-400
mat	tveir
301-400	301-400
annan	beint
301-400	301-400
engin?	gerðu
301-400	301-400
skilja	lög